

# Fundargerð

## Fyrsti fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Dyrhólaey

9. desember 2019, kl. 16:15-17:45

Fundurinn var haldinn í húsnæði Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24 og í gegnum skype.

### Fundarmenn

Ágúst Valfells, fulltrúi landeigenda

Einar Freyr Elínarson, fulltrúi Mýrdalshrepps - á Skype

Daníel Freyr Bjarnason, fulltrúi Umhverfisstofnunar

Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar

Hildur Hafbergsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar (fundarritari)

### Dagskrá

1. Farið yfir vinnulag við stjórnunar- og verndaráætlanir
2. Farið yfir verk- og tímaáætlun og lista yfir samráðsaðila
3. Farið yfir hvað er komið af 1. og 2. kafla.

### Fundarefni:

Guðbjörg fór yfir vinnulag við stjórnunar- og verndaráætlanir; Hvað er stjórnunar- og verndaráætlun? Náttúruverndarlög, áherslur Umhverfisstofnunar, verkferill, leiðarljós og tekin dæmi hvernig þau eru gerð, sérreglur.

Spurt var hvort hægt væri að setja takmarkanir á þyrluflug. Fram kom að þylur hafi verið mikið á ferðinni. Spurning hvað er hægt að gera í þeim málum. Bent var á að í stjv. áætlunum er hægt að setja bann við flugi dróna en erfitt væri að banna þylur. **Skoðum hvað verið er að gera** í áætlun fyrir Fjallabak sem er í vinnslu.

Guðbjörg fór yfir aðgerðaráætlunarhluta stjv.-áætlunar. Þar eru tilgreind þau atriði sem UST treystir sér til að gera og kosta. Sumt er árvísið, s.s. eftirlitsþættir, og annað er tímasett eftir árum.

Daníel ræddi um og sýndi upplýsingaskilti sem er á lokastigum í vinnslu og nefndi að vinna væri hafin vegna fuglaskilta og sjóskilta, fræðsluskilti í báðum tilfellum.

Spurt var um tölur yfir þann fjölda sem kemur í Dyrhólaey og kom fram að skv. talningum væru það 5-600 þúsund manns á ári. Samkvæmt tölum síðan í júlí 2019 hafa færri komið á þessu ári en síðasta og á síðustu viku 300 manns á dag sem eru mjög fáir. Það er teljari á salerninu og 16. hver gestur virðist borgar sig inná salerni. Ekki eru til tölur yfir rútukomur á svæðinu. Færri rútur koma í Dyrhólaey en í Reynisfjöru. Í kjölfar fundarins sendi Daníel tölulegar upplýsingar.

### Verk- og tímaáætlun

Guðbjörg fór yfir verk- og tímaáætlun og tækifæri svæðisins. Rætt var um þörf á endurskoðun á deiliskipulagi fyrir Háey en skipulag fyrir Lágey er gott. Rætt var um þann fjölda sem sækir svæðið heim og að ágangur sé mikill. Rætt var að vegir og bílastæði geta stýrt umferð og takmarkað. Hugsanlegt að beina fólki á Lágey og aðeins þeir sem eru fatlaðir eða eiga erfitt með gang geti ekið upp á Háey. Vegurinn þangað yrði þá mögulega skilgreindur sem þjónustuvegur. Vegagerðin á veginn að sögn Einars en spurning hvernig Vegagerðin flokkar, kannski er hægt að setja einhver höft.

**Guðbjörg skoðar málið.**

Sagt var frá kæru sem UST sendi vegna utan vega aksturs í Dyrhólaey nýlega. Spurt var um sektina hvort UST fengi peninginn, en svo er ekki, hann fer í ríkissjóð. Erfitt er að gera við skemmdina sem var og laga svæðið þar sem um mólendi er að ræða. Þetta var einbeittur brotavilji þar sem viðkomandi ók framhjá girðingu sem er til staðar. Erfitt er að stoppa fólk sem ætlar sér að keyra utan vegar.

### **Samráðslisti**

Farið var yfir samráðslistann.

Spurning var sett við hjólréiðasamtök, hvort þau eigi heima á þessum lista, lítið um hjólamenn á svæðinu.

Rætt var um SAMÚT og hvort þau ættu heima á listanum og var tekin **ákvörðun að taka þau út** þar sem óljóst er hverjir standa að þeim samtökum.

Einnig var bent á að Skógræktin **ætti vart heima** á listanum, því enginn skógur væri þarna, en Skógræktarfélagið myndi standa.

Þá var talað um Þyrlupjónustuna en Flugmálafélag Íslands ætti að dekkja hana. **Kanna viðhorf** innanhúss.

Spurt var hvort Ferðafélagið og Útivist væru hluti af öðrum félögum, hvort það væri ekki hlutverk SAF að finna út og koma þessu áfram. Bent var á að hafa samband við Ferðafélag Mýrdælinga til að koma upplýsingum til ferðapjónustuaðila í heimabyggð. **Bæta þeim á samráðslistann.**

Guðbjörg **kannar eignarhald** á vitanum, líklega er það Vegagerðin sem á hann núna.

Spurt er um þá sem hafa verið að nýta egg og dún í Dyrhólaey og rætt um eignarrétt. Mögulega er á gráu svæðu að verið sé að nýta svæðið sem er í einkaeigu. Samningar hafa ekki verið gerðir um nýtingu.

### **Stjv.-áætlunin, 1. og 2. kafli.**

Daníel nefni að það væri komið á áætlun að laga bílastæðið og sótt verði um fjármagn í það á næsta ári. Einnig er fyrirhugað að laga göngustíga. Þeir þættir fara þá beint inn í aðgerðir í 3. kafla og aðgerðaáætlunina.

Spurt var hvort minkur sé verndaður í eyinni, Guðbjörg telur svo ekki vera. Hægt er að setja inn í áætlunina ákvæði um veiðar á honum.

Fram kom að allt sem er 100 ára og eldra er friðað, minjar um hafnarframkvæmdir eru ekki orðnar það gamlar. Þrátt fyrir það eru þær merkilegar, sögulega séð.

Daníel ræddi um svæðisskiptingu. Hægt væri að skipta svæðinu upp og hafa mismunandi þjónustustig og stjórna þannig umferð. Guðbjörg **setur það inni** í áætlunina.

Einnig var umræða um gamalt bílastæði en Daníel sagði frá og sýndi myndir að búið væri að laga það og ganga vel frá öllu. Einnig var rætt um aðgengi allra og nefndi Daníel að aðgengi væri gott en malbikaður stígur væri að salernum.

Ræddar voru hugmyndir um aðgangsstýringu. Daníel segir að bein aðgangsstýring hafi ekki verið tekin upp en það væri kjörið í Dyrhólaey.

Næstu skref: Guðbjörg sendir uppfærð gögn og drög af áætluninni eins og þau eru í dag.

Fundi slitið 17:50